

Síðareglur bæjarstjórnar

Við störfum í þágu allra Kópavogsbúa með opnu samtali, virku upplýsingaflæði og hlustum á ólík sjónarmið. Farsæld íbúanna og komandi kynslóða er okkar hjartans mál.



Við stöndum vörð um fjárhag bæjarins og förum vel með eigur hans enda er traustur rekstur undirstaða farsældar og vaxtar.



Við störfum af heilindum og ábyrgð, sýnum háttvísi og berum virðingu fyrir skoðunum annarra.



Það á að vera gott að vinna hjá Kópavogsbæ og í því augnamiði virðum við hlutverk og störf starfsfólks, sýnum kurteisi og tillitssemi í samskiptum.



Við nýtum ekki stöðu okkar, upplýsingar né þiggjum gjafir í starfi ef það er í þágu eigin hagsmuna eða hagsmuna tengdra aðila.



Við gerum grein fyrir hagsmunum eða tengslum ef vafi leikur á hæfi okkar í meðferð mála.



Við kynnum okkur málin, komum undirbúin til starfa, segjum satt og rétt frá, gætum trúnaðar og sýnum sanngirni í hvívetna.